

## 12. fundur verkefnisstjórnar 6. áfanga rammaáætlunar (VR6)

Föstudag 27. febrúar á Teams kl.13-15

Mætt eru: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT), Jón Björn Hákonarson (JBH).

UOS: Rán Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerða 10. og 11. Fundar samþykktar með smávægilegum breytingum.
2. Vinna við friðuðu svæðin  
Áformaður er fundur formanna faghópa með lögfræðingum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti til að fara yfir aðferðafræði við endurskoðun þeirra.  
SJ kynnti helstu álitafni varðandi mat á svæðunum.
3. Vindorkuverkefni  
Ákveðið hefur verið að skoða nokkur vindorkuverkefni af þeim sem VR5 flokkaði í biðflokk, með hliðsjón af þeim sérákvæðum um sem voru í frv. sem kynnt var í samráðsgátt 19. desember sl. og mun væntanlega fara í vinnslu á Alþingi nú á vormánuðum.
4. Beiðni um endurmat.  
Með bréfi dags. 15. október 2025 óskar Sif Konráðsdóttir f.h. Ófeigar eftir endurskoðun á flokkun fyrri verkefnisstjórna á Hvalárvirkjun og fylgir með bréf með slíkri beiðni dags. 21. janúar 2020, stílað á Guðrúnu Pétursdóttur formann 4. áfanga verkefnisstjórnar rammaáætlunar.  
Verkefnisstjórn bendir á að Hvalárvirkjun hefur í tvígang verið ákvörðuð í nýtingarflokk af Alþingi, 2013 og 2022. Verkefnisstjórn rammaáætlunar er einungis ráðgefandi fyrir ráðherra sem síðan leggur tillögu sína fyrir Alþingi. Alþingi hefur síðasta orðið. Verkefnisstjórn telur ekki efni til að taka upp ákvörðun Alþingis.
5. Erindi frá Stormorku ehf.  
Bréf frá Stormorku ehf. undirritað af Magnúsi Jóhannessyni þar sem þess er farið á leit við UOS að 11 tilgreind verkefni verði tekin til umfjöllunar í verkefnisstjórn rammaáætlunar, en um er að ræða verkefni sem hafa áður verið í umfjöllun en ekki hlotið afgreiðslu. Verkefnisstjórn felur RJ að kanna hvort þau gögn sem upphaflega fylgdu þessum virkjanahugmyndum eru fullnægjandi.
6. Vefsíðan ramma.is  
Starfsmaður RJ hefur verið að skoða möguleika á endurskoðun og/eða uppfærslu á síðu rammaáætlunar og kynnti áætlaðan kostnað. URN óskar eftir samþykki verkefnisstjórnar á verkefninu og mun það þá vera greitt af fjárhagslið rammaáætlunar. Verkefnisstjórn samþykkti að ráðast í verkefnið sem verður unnið á næstu vikum.
7. Formaður vekur athygli á að Alþingi hefur afgreitt frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, 229. mál, og leggur til að á næsta fundi verði farið yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar á lögnum. Þar kemur m.a. fram hver aðkoma verkefnisstjórnar rammaáætlunar á að vera varðandi vatnshlot.

Alþingi hefur einnig afgreitt þingsályktun um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, nr. 24/152. Þar með flytjast virkjanahugmyndirnar Skrokkalda og Holtavirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk.

Fundi slitið kl. 15.